

## Menntaáætlun Nordplus 2016

Auglýst eftir styrkumsóknum til menntasamvinnu á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum

Nordplus, menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, býður kennurum og öðrum sem starfa við menntamál að sækja um styrki í áætlunina. Heildarupphæð styrkja til úthlutunar er um 9 miljónir evra (tæplega 1,4 miljarður íslenskra króna). Umsóknarfrestur er 1. mars 2016.

Umsóknir eru opnar öllum þeim sem vinna að kennslu eða menntamálum og styrkir eru veittir til ýmis konar námsheimsókna, samstarfsverkefna og samstarfsneta. Farið er fram á samstarf á milli menntastofnanna og/eða annarra þátttakenda í Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Lettlandi, Litháen, Noregi, Svíþjóð eða Álandseyjum.

---

### Um Nordplus menntaáætlunina

Nordplus felur í sér fimm undiráætlanir sem samanlagt ná yfir öll svið menntunar. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að samstarfi og gæðum í menntun á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum. Umsóknir í áætlunina skulu vera í takt við almenn markmið Nordplus ásamt því að falla vel að einni undiráætlun.

Nánari upplýsingar í handbók Nordplus.

Þrjár undiráætlanir – Nordplus Junior, Voksen og Háskólastigið – sinna sínum menntastigum á meðan Nordplus Horizontal og Nordplus tungumálaáætlunin starfa þvert á menntastig og eru með fjölbreytta tegund umsækjenda.

---

### Nánar um undiráætlanir Nordplus

Allar undiráætlanir Nordplus bjóða upp á umsóknir vegna verkefna eða samstarfsneta, en einungis Nordplus Junior, Voksen eða Háskólastigið bjóða upp á umsóknir vegna námsheimsókna.

Undiráætlanirnar eru eftirfarandi

*Nordplus Junior: áætlun fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla*

- Styrkir og hvetur til samvinnu milli ólíkra skólastiga.
- Eflir aukin gæði, sköpun og nýjungar í menntun.
- stuðla að jafnrétti til náms með því að skapa tækifæri til að gera öllum kleift að stunda nám við sitt hæfi.
- Hvetur til aukinnar kunnáttu og skilnings á tungumálum og menningu Norðurlanda og Eystrasaltslanda.
- Vill auka samvinnu milli skóla og atvinnulífs.

*Nordplus Voksen: áætlun fyrir fullorðinsfræðslustofnanir*

- Leggur rækt við grunnfærni fullorðinna og styrkir mat og viðurkenningu á óformlegri menntun.
- Styrkir fullorðinsfræðslu í nútímasamfélagi.

- Tengir saman fullorðinsfræðslu og atvinnulíf.

*Nordplus háskólastigsins: áætlun fyrir menntastofnanir á háskólastigi*

- Styrkir til að koma á fót samstarfsnetum eða samstarfsverkefnum á milli háskólastofnana, sem gætu falist í miðlun á reynslu, hraðnámskeiðum, þróunarverkefnum eða sameiginlegu námi
- Hvetur til samvinnu á milli háskóla og annarra stofnana og/eða félagasamtaka sem starfa á sviði háskóla menntunar.
- Styrkir samvinnu á milli háskóla og atvinnulífsins
- Er ætlað að efla gæði og skipulag stúdenta og kennaraskipti ásamt því að veita styrki til þessara skipta.

*Nordplus Horizontal: áætlun fyrir þverfaglegt samstarf og samstarf á milli menntastiga*

- Styrkir samstarfsverkefni og samstarfsnet á milli ólíkra menntastiga og ólíkra menntageira (t.a.m. samstarf háskóla og grunnskóla eða samstarf fyrirtækja og fullorðinsfræðslustofnana).
- Styður nýsköpunarverkefni sem teygja sig yfir hefðbundna skiptingu menntakerfis, og stuðla þannig að nýjum hugmyndum og úrlausnum í menntamálum, með gæði og frumleika að leiðarljósi.

*Nordplus tungumálaáætlunin: áætlun fyrir aukinn málskilning á norðurlandtungumálum*

- Styður verkefni sem auka skilning og þekkingu á norrænum tungumálum (einkum dönsku, norsku og sænsku). Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna og ungmenna.
- Styrkir þróun námsefnis, kennsluaðferða og áætlana sem miða að þekkingu á norrænum tungumálum á öllum menntastigum.

---

## Hvernig sækir maður um?

- Ítarlegar upplýsingar um umsóknarferlið er á [þessari síðu](#) (á ensku)
  - Reglur, leiðbeiningar og áhersluatriði hvernar undirætlunar má lesa í [Handbók Nordplus](#)
  - Umsóknarfrestur í allar áætlanir Nordplus er 1. mars 2016. Umsóknum skal skilað inn rafrænt í gegnum [umsóknarkerfið Espresso](#).
  - Allar umsækjendur verða að vera komnir með samstarfsaðila á Norðurlöndum og/eða Eystrasaltlöndum áður en umsókn er send inn. [Hægt er að skrá sig eða leita að samstarfsaðilum á vefsvæði Nordplus.](#)
-

## **Nordplus landskrifstofur og upplýsingaviðburðir**

Nordplus er með landskrifstofur á öllum Norðurlöndum (ásamt sjálfstjórnarsvæðum) og Eystrasaltslöndum. Landskrifstofa Nordplus á Íslandi er staðsett á Rannís og þar hægt að fá upplýsingar og aðstoð.

Rannís heldur reglulega námskeið í gerð umsókna og aðra upplýsingafundi fyrir Nordplus. Hægt er að fylgjast með viðburðum á heimasíðu Rannís og einnig er hægt að skrá sig á póstlista Rannís og fá tilkynningar um mikilvægar dagsetningar og viðburði.

Nordplus er með LinkedIn hóp sem við hvetjum fólk að tengjast. Í framtíðinni eru áform um að auka virkni hópsins þannig að hægt verði að tengjast öðrum þátttakendum og fylgjast með fréttum.

[LinkedIn síða Nordplus](#)